

**109** 100000 kr. að upphæð. Upp frá því skal aðeins  $\frac{1}{25}$  af öllum ársvexti sjóðsins 10. nóv. lagður við hann, en  $\frac{24}{25}$  vaxtarins varið samkvæmt 2. gr. og skal svo gjört þaðan í frá, — þó með þeirri einu undantekningu, að öllum ársvexti sjóðsins 1962 skal úthlutað 14. nóv. 1963 og slíkt hið sama hundraðasta hvert ár eftir það.

Við úthlutun styrksins hefir stjórn sjóðsins skólastjóra Unglingaskólans hjer í ráðum með sjer, sbr. 2. gr.

#### 4. gr.

Frá 14. nóv. 1923 skal skólanefnd Ísafjarðar endurgjaldslaust stjórna sjóðnum, vinna að vexti hans og sjá um að tilgangi hans verði sem best náð.

Hún semur árlega, innan febrúarloka, reikning yfir hag sjóðsins og sendir hann Stjórnarráði Íslands til birtingar í B-deild Stjórnartíðindanna. Auk þess skal reikningurinn árlega birtur í blaði því eða blöðum, er út koma hjer á Ísafirði.

Almanaksárið er reikningsár sjóðsins.

#### 5. gr.

Stofnendur áskilja sjer rjett til, svo lengi sem meiri hluti þeirra er á lífi, að breyta skipulagsskrá þessari í einsjökum atriðum, ef þeim svo sýnist — en aðalefni hennar og tilgangi sjóðsins má aldrei breyta.

Staðfestingar konungs skal leitað á skipulagsskrá þessari.

Gjört á Ísafirði sumardaginn fyrsta 1917.

Fyrir hönd stofnendanna:

*Guðm. Jónsson.*

*E. J. Pálsson.*

*Guðm. Bergsson.*

**110** **Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir »Braglistarsjóð Matthíasar Joch-**  
12. nóv. umssonar«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráð-  
herra Íslands 12. nóvember 1917.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

### Braglistarsjóðs Matthíasar Jochumssonar.

#### 1. gr.

Af fje því, er safnaðist til Matthíasarvarðans á Akureyri, varð nokkur afgangur. Ákvað fjársöfnunarnefndin að verja honum, að viðbættri dálitilli fjár-

upphæð er safnaðist síðar, til þess að stofna sjóð, er helgaður væri minningu **110** þjóðskáldsins Matthíasar Jochumssonar og við hann kendur, en fól að öðru leyti **12. nóv.** skáldinu sjálfu að skipa fyrir um nafn sjóðsins, tilgang hans, ávöxtun og stjórn. — Um þetta hefir hann í dag mælt svo fyrir skriflega.

### 2. gr.

Sjóðurinn heitir *Braglistarsjóður*, og skal vera til styrktar og mentunar ungum skáldum og ritlistarmönnum, hvort heldur eru karlar eða konur, innan takmarka hins forna Hólastiftis. Efnalitlir menn ganga fyrir styrknum að öðru jöfnu.

### 3. gr.

Sjóðurinn ávaxtast í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands þangað til ársvextirnir eru orðnir full 1800 krónur. Til þess tíma leggjast vextirnir árlega óskertir við höfuðstólinn, en úr því eigi nema  $\frac{1}{3}$ , en  $\frac{2}{3}$  vaxtanna skal varið til styrkveitinga samkv. 2. gr. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða.

### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skal falin sýslumanni Eyfirðinga og bæjarfógeta Akureyrar og skólameistara gagnfræðaskólans á Akureyri eða hins æðsta alm. mentaskóla í hinu forna Hólastifti, hvernig og hvar sem hann síðar kann að verða.

### 5. gr.

Þegar að því kemur að veita styrk úr sjóðnum, velur stjórnin þrjá menn, sem alment eru álitnir að bera skyn á skáldskap öðrum fremur, og sje einn af þeim kona. Ráða þeir styrkveitingum með stjórninni. Þeir eru valdir til þriggja ára í senn. Verði sýslumanns- og bæjarfógetaembættin aðgreind, svo einn maður gegni hvoru þeirra, og þrír menn skipi þá stjórnina, velur hún ekki nema tvo menn sjer til ráðuneytis, karl og konu.

Íslensk braglist skal jafnan mestu um ráða, þegar styrkur er veittur, og meira en frumleikur eða nýbreytni, er rugla kann dómgreind alþýðu.

### 6. gr.

Lægri ársstyrk en 1200 kr. má aldrei veita neinum, en hærri má styrkurinn vera, og sama manni má veita styrk oftár en einusinni, ef ástæður þykja til. Nú þykir enginn umsækjandi þess verðugur að verða styrks aðnjótandi, og leggjast þá vextirnir allir það ár við höfuðstólinn.

110

12. nóv.

7. gr.

Stjórnin hlutast til um að reikningur sjóðsins sje árlega birtur í B-deild Stjórnartíðindanna.

8. gr.

Leita skal konunglegrar staðfestingar á skipulagsskrá þessari.

Akureyri 11. nóv. 1916.

*Matthías Jochumsson.*

111

10. nóv.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá »Framfarasjóðs Einars Ásmundssonar«, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra Íslands, 10. nóvember 1917.

Skipulagsskráin er þannig:

## Skipulagsskrá

### Framfarasjóðs Einars Ásmundssonar.

1. gr.

Mafn sjóðsins er: Framfarasjóður Einars Ásmundssonar. Hann er myndaður af Framfarafjelagi Grýtubakkahrepps á 50 ára afmæli þess í minningu um stofnanda þess, Einar Ásmundsson í Nesi, með fullum 1000 kr. — eitt þúsund krónum. Stofnfjeð má aldrei skerða.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðald Söfnunarsjóðs Íslands. Vextirnir leggjast óskertir við stofnfjeð þangað til 31. des. 1927. Þá er heimilt að taka af ársvöxtunum samfleytt 3. hvert ár til ársins 2067 þessar upphæðir: 50 kr. — fimmtíu krónur til 1. jan. 1917, 100 kr. — eitt hundrað krónur — til 1. jan. 2017, og 1000 kr. — eitt þúsund krónur — til 1. jan. 2067. Upp frá því leggjast að minsta kosti 250 kr. — tvö hundruð og fimmtíu krónur — af vöxtunum árlega við stofnfjeð.

Sjeu framangreindar vaxtaupphæðir eigi teknar hin ákveðnu ár, leggist þær óskertar við stofnfjeð.